

Hampiðjan hf.

Ársreikningur samstæðu 2020

Ársreikningur samstæðu 2020

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur samstæðu.....	6
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu.....	6
Efnahagsreikningur samstæðu.....	7
Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu.....	8
Sjóðstreymi samstæðu.....	9
Skýringar.....	10-24
Viðauki - Ófjárhagslegar upplýsingar.....	25-26

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin, sem öll eru hlutafélög, eru Hampidjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Von í Færeyjum, Hampidjan Canada í Kanada, Hampidjan Baltic í Litháen, Otter Ultra Low Drag á Cayman, Hampidjan Australia í Ástralíu, Hampiðjan TorNet á Spáni, Hampiðjan Russia í Rússlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore í Skotlandi, Hampiðjan Ísland á Íslandi, Hampiðjan Offshore á Íslandi, Voot á Íslandi og Fasteignafélagið Miðhús á Íslandi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan).

Rekstur og fjárhagsleg staða 2020

Félagið vann áfram í því að sækja þá samlegð sem til staðar er í samstæðunni. Fjárfest var í fullkominni þráðavél fyrir framleiðsluna í Litháen til að auka gæði og geta betur svarað eftirspurn eftir vörum Hampiðjunnar.

Í byrjun ársins keypti Hampiðjan hf. 80% eignarhlut í skosku félögunum Jackson Trawls Limited og Jackson Offshore Supply Limited. Jackson Trawl er leiðandi í sölu veiðarfæra á Bretlandseyjum og Jackson Offshore selur einkum kaðla, lyftistöffur og járnavöru til olíuiðnaðarins í Skotlandi. Kaupin styrkja stöðu samstæðunnar verulega gegn áhrifum Brexit á fiskveiðar og úthlutun kvóta í breskri lögsögu.

Á árinu var aðstaða til þjónustu við fiskeldi í Færeyjum aukin til muna með stækkun og endurbótum á húsnæði Vónarinnar í Norðskála. Aðstaða þar er nú með fullkomnasta móti til að mæta þörfum og kröfum félaga í fiskeldi í Færeyjum. Einnig var aðstaða til þjónustu við fiskeldi í Noregi hjá Vónin Refa bætt með uppbyggingu í Finnsnesi.

Áframhaldandi uppbygging var á aðstöðu Hampiðjunnar á Neskaupstað en þar er búið að setja upp fullkomið netaverkstæði ásamt stóru nóthóтели með 26 hólfum fyrir nætur.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 161,8 milljónir evra sem eru nánast sömu tekjur og árið áður. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 1.159, en voru 1.126 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 42,7 milljónum evra, þar af voru 4,5 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 15,1 milljónir evra en árið áður var hagnaður 13,4 milljónir evra. Heildareignir samstæðunnar voru 246,6 milljón evrur í árslok og eigið fé var 128,9 milljónir evra en af þeirri upphæð eru 12,7 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaganna, Von í Færeyjum, Swan Net Gundry á Írlandi, Jackson Trawl og Jackson Offshore Supply á Skotlandi, Voot á Íslandi, Hampiðjinni Ástralíu, dótturfélaga Von í Færeyjum, dótturfélags Cosmos Trawl í Danmörku og dótturfélags Hampidjan USA í Bandaríkjunum. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 52% í árslok.

Vegna rekstrarársins 2020 leggur stjórn Hampiðjunnar til að á árinu 2021 verði greiddur 1,25 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutafjár til hluthafa að upphæð kr. 625 milljónir. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

COVID-19 áhrif á rekstur ársins

Covid-19 veirufaraldurinn hefur haft og mun hafa veruleg áhrif á efnahagslíf allra þeirra landa þar sem félög í samstæðu Hampiðjunnar stunda viðskipti. Hjá félögum samstæðunnar var gripið til viðeigandi aðgerða til að halda starfsemi gangandi með tilliti til smithættu meðal starfsmanna og viðskiptavina, í samræmi við reglur og leiðbeiningar á hverjum stað.

Í samstæðuársreikningi ársins 2020 kemur fram að tekjur samstæðu Hampiðjunnar eru nánast óbreyttar á milli ára og eru 161,8 milljónir evra. Sé leiðrétt fyrir tekjum af dótturfélögum sem bættust við samstæðuna á árinu þá drógust tekjur saman um 6,8 milljónir evra eða um 4,2%. Áhrif Covid-19 skýra samdrátt í tekjum milli áranna. Á meðal félaga í samstæðunni voru breytingar á tekjum mismiklar eftir löndum, tekjur drógust saman sum staðar, en stóðu í stað eða jukust annars staðar.

Þrátt fyrir þennan samdrátt í tekjum, þá jókst EBITDA samstæðunnar á milli ára um 14% og nemur um 27,5 milljónum evra samanborið við 24,0 milljónir evra árið áður. Sé leiðrétt fyrir nýjum dótturfélögum þá jókst EBITDA samstæðunnar um 1,7 milljónir evra á milli ára eða um 7%. Hagnaður samstæðunnar jókst einnig á milli ára og nam 15,1 milljónum evra samanborið við 13,4 milljónir evra árið 2019.

Stjórnendur hafa skoðað og metið áhrif Covid-19 á ýmsa þætti reikningsskilanna árið 2020, svo sem mat fastafjármuna og fjármálagerninga, og telja að þrátt fyrir samdrátt í tekjum sé ekki þörf á breytingum þar á. Félag í samstæðunni hafa ekki breytt lánaskilmálum eða farið í endurskipulagningu skulda vegna Covid-19.

Hlutafé og samþykktir

Útgefið hlutafé Hampiðjunnar er kr. 500 milljónir í lok ársins, en félagið á eigin hluti að upphæð kr. 10,4 milljónir. Hlutaféð er í einum flokki sem er skráð á First North, hliðarmarkað Nasdaq OMX Nordic Exchange. Fjöldi hluthafa í félaginu var 242 í árslok og í byrjun ársins var fjöldi hluthafa 239. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

	31.12.2020		31.12.2019	
	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%
Hluthafi				
Hvalur hf (áður Vogun hf)	225.885	46,14%	222.003	45,35%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	47.842	9,77%	47.842	9,77%
Lífsværk lífeyrissjóður	19.789	4,04%	16.921	3,46%
Sigríður Vilhjálmsdóttir	19.269	3,94%	28.269	5,77%
Festa - lífeyrissjóður	17.376	3,55%	17.376	3,55%
Ingibjörg Björnsdóttir	17.274	3,53%	17.274	3,53%
Hlér ehf	15.529	3,17%	15.379	3,14%
D.b. Sigurgeirs B. Guðmannssonar	12.750	2,60%	12.750	2,60%
Vátryggingarfélag Íslands hf.	11.255	2,30%	11.927	2,44%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.662	2,18%	10.662	2,18%
	<u>397.630</u>	<u>81,22%</u>	<u>400.403</u>	<u>81,79%</u>
Aðrir hluthafar	91.933	18,78%	89.160	18,21%
Útistandandi hlutafé	489.563	100,00%	489.563	100,00%
Eigin hlutir	<u>10.437</u>		<u>10.437</u>	
Útgefið hlutafé	<u>500.000</u>		<u>500.000</u>	

Á aðalfundi Hampiðjunnar sem haldinn var 29. maí 2020 var stjórn félagsins heimilað að kaupa eigin hluti í félaginu þó þannig að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.

Stjórnunarhættir

Stjórn Hampiðjunnar hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er þrjú karlmenn (60%) og tveir kvenmenn (40%).

Stjórn ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt innra eftirlit. Fjármálasvið Hampiðjunnar gerir reikningsskil fyrir samstæðuna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Ytri endurskoðendur kanna hálfársuppgjör og endurskoða ársuppgjör samstæðunnar. Fjallað er um fjárhagslega áhættu samstæðunnar í skýringu 3.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Hampiðjunnar í tengslum við umhverfismál, félagsmál og starfsmannamál sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2020. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikning samstæðunnar.

Reykjavík 11. mars 2021

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson
Formaður stjórnar

Auður Kristín Árnadóttir
Stjórnarmaður

Guðmundur Ásgeirsson
Stjórnarmaður

Kristján Loftsson
Stjórnarmaður

Sigrún Þorleifsdóttir
Stjórnarmaður

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hampiðjunnar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hampiðjunnar og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
- Rekstrarreikning og yfirlit yfir aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Yfirlit yfir eigið fé fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar, skýring 23 og viðauki eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissu ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 11. mars 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	2020	2019
Sala		161.835	161.826
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(113.984)</u>	<u>(114.300)</u>
Framlegð		47.851	47.526
Rekstrarkostnaður	7	<u>(26.401)</u>	<u>(28.813)</u>
Rekstrarhagnaður		21.450	18.713
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(2.583)	(2.443)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	13	<u>77</u>	<u>145</u>
		<u>(2.506)</u>	<u>(2.298)</u>
Hagnaður fyrir skatta		18.944	16.415
Tekjuskattur	9	<u>(3.822)</u>	<u>(3.026)</u>
Hagnaður ársins		<u>15.122</u>	<u>13.389</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		13.338	11.980
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>1.784</u>	<u>1.409</u>
		<u>15.122</u>	<u>13.389</u>
EBITDA		27.495	24.032
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	10	3,09	2,73

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	2020	2019
Hagnaður ársins	15.122	13.389
Rekstrarliðir færðir á eigið fé		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	(1.373)	382
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélaganna	<u>3</u>	<u>1</u>
Heildarafkoma ársins	<u>13.752</u>	<u>13.772</u>
Skipting heildarafkomu		
Hluti hluthafa móðurfélagsins	12.400	12.313
Hluti minnihluta	<u>1.352</u>	<u>1.459</u>
Heildarafkoma ársins	<u>13.752</u>	<u>13.772</u>

Skýringar á bls. 10 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	2020	2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	92.436	87.974
Óefnislegar eignir	12	45.875	42.290
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13	1.139	1.116
Fjárfestingareignir	14	386	473
Skuldabréf og langtímakröfur		109	0
Tekjuskattsinneign	19	29	88
		<u>139.974</u>	<u>131.941</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	15	63.630	58.639
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	25.486	27.744
Handbært fé	17	17.531	10.085
		<u>106.647</u>	<u>96.468</u>
Eignir samtals		<u>246.621</u>	<u>228.409</u>
Eigið fé og skuldir	Skýringar	2020	2019
Eigið fé			
Hlutfé og yfirverðsreikningur		6.455	6.455
Aðrir varasjóðir	24	(901)	37
Annað bundið eigið fé		35.988	28.515
Óráðstafað eigið fé		74.720	72.342
		<u>116.262</u>	<u>107.349</u>
Hlutdeild minnihluta		12.673	12.018
Eigið fé samtals		<u>128.935</u>	<u>119.367</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	18	72.830	66.006
Tekjuskattsskuldbinding	19	5.025	4.567
		<u>77.855</u>	<u>70.573</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	22.028	22.671
Skuldir við lánastofnanir	18	17.803	15.798
		<u>39.831</u>	<u>38.469</u>
Skuldir samtals		117.686	109.042
Eigið fé og skuldir samtals		<u>246.621</u>	<u>228.409</u>

Skýringar á bls. 10 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlud- minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2019	6.455	(296)	20.527	72.267	11.040	109.993
Breyting v. innleiðingar IFRS 16			(302)	(95)	(15)	(412)
<i>Heildarafkoma:</i>						
Heildarafkoma ársins 2019 eftir skatta		333	0	11.980	1.459	13.772
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð			8.290	(8.290)		0
	<u>0</u>	<u>333</u>	<u>8.290</u>	<u>3.690</u>	<u>1.459</u>	<u>13.772</u>
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður til hluthafa				(3.520)	(466)	(3.986)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(3.520)</u>	<u>(466)</u>	<u>(3.986)</u>
Staða 31. desember 2019 / 1. janúar 2020	6.455	37	28.515	72.342	12.018	119.367
Vegna IFRS 16			36			36
<i>Heildarafkoma:</i>						
Heildarafkoma ársins 2020 eftir skatta		(938)	0	13.338	1.352	13.752
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð			7.437	(7.437)		0
	<u>0</u>	<u>(938)</u>	<u>7.437</u>	<u>5.901</u>	<u>1.855</u>	<u>14.255</u>
<i>Eigendur:</i>						
Úthlutaður arður til eigenda				(3.523)	(1.200)	(4.723)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(3.523)</u>	<u>(1.200)</u>	<u>(4.723)</u>
Staða 31. desember 2020	<u>6.455</u>	<u>(901)</u>	<u>35.988</u>	<u>74.720</u>	<u>12.673</u>	<u>128.935</u>

Innborgað hlutfé er samtals 6.455 þúsund evrur og greinist þannig að innborgað nafnverð er 5.498 þúsund evrur og innborgað yfirverð er 957 þúsund evrur.

Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélagum umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		21.450	18.713
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		6.045	5.319
EBITDA		<u>27.495</u>	<u>24.032</u>
Sölutap (-hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna		(129)	(21)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(2.543)	(5.874)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>24.823</u>	<u>18.137</u>
Innborgaðir vextir.....		590	645
Innborgaður arður.....		21	17
Greiddir vextir.....		(3.714)	(2.948)
Greiddir skattar.....		(2.991)	(1.431)
Handbært fé frá rekstri		<u>18.729</u>	<u>14.420</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(7.912)	(11.708)
Kaup og sala óefnislegra eigna		(248)	(198)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé		(5.663)	(89)
Fjárfesting og sala í öðrum félögum		18	0
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		<u>(13.805)</u>	<u>(11.995)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		569	835
Tekin ný langtímalán		14.961	2.997
Afborganir langtímalána		(7.712)	(3.442)
Arður greiddur til hluthafa		(3.523)	(3.520)
Arður greiddur til minnihluta		(1.200)	(466)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		<u>3.095</u>	<u>(3.596)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		8.019	(1.171)
Handbært fé í byrjun árs.....	17	10.085	10.905
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		(573)	351
Handbært fé í lok ársins	17	<u><u>17.531</u></u>	<u><u>10.085</u></u>

Skýringar á bls. 10 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi að Skarfagörðum 4, Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Nasdaq OMX Nordic Exchange.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 11. mars 2021.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknaðar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Nánar er greint frá þeim aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

a) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2020 og hafa áhrif á ársreikninginn*

Engir nýir reikningsskilastaðlar voru tóku gildi á árinu 2020. Samstæðan innleiddi nokkrar breytingar á eldri stöðlum, en þær breytingar hafa ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

b) *Innleiðing staðla fyrir gildistöku tíma þeirra.*

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistöku tíma þeirra á árinu 2020.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirlit eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirlitum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknað eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknaðar við sameiningu fyrirtækja eru metnaðar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

Skýringar

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu en aðrir rekstrarstarfsþættir samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fimm rekstrarþætti.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, netaverkstæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-10 ár
Fasteignir	25-67 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	5-20 ár
Hugbúnaður	2-7 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem liður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtækis dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýmnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýmnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýmnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum einkaleyfum er tengjast framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfin eru færð á kaupverði eða áætluðu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýmnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýmnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söliverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru flokkaðir sem fjárfestingareignir og færðir á kostnaðarverði að frádregningu niðurfærslu vegna virðisrýmnunar.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádregningu niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum auk þess sem áætlað tap á líftíma kröfunnar er fært við upphaflega skráningu hennar. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

Skýringar

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði en við síðara mat á afskrifuðuð kostnaðarverði. Lántökukostnaður sem telst hluti af vöxtum lánsins er færður á lánstíma með aðferð virkra vaxta en annar lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lán eru flokkuð meðal skammtímaskulda ef þau gjaldfalla innan 12 mánaða annars eru þau flokkuð meðal langtímaskulda.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innlest eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf ákvörðun um greiðslu að liggja fyrir áður en reikningsskilin eru gefin út.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádrögnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Samstæðan framleiðir og selur úrval af vörum í smásölu og heildsölu. Tekjur af sölu eru færðar þegar yfirráð yfir vörunum hefur verið flutt til kaupenda, sem er þegar vörurnar hafa verið afhentar. Afhending fer fram þegar kaupandi hefur tekið við vörunum, áhættan á úreltingu og tapi hefur verið flutt til hans og annaðhvort hefur kaupandi samþykkt vörurnar í samræmi við sölusamninginn, staðfestingarákvæði hafa liðið eða samstæðan hefur hlutlægar vísendingar um að öll skilyrði fyrir viðurkenningu hafi verið fullnægt. Greiðslur fyrir sölu á vöru og þjónustu eru samkvæmt venjulegum viðskiptaskilmálum.

Samstæðan selur þjónustu sem felst í gerð nýrra veiðarfæra og viðgerðum á eldri veiðarfærum. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar þegar kaupandi þjónustunnar hefur fengið tekið við nýjum eða viðgerðum veiðarfærum.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Samstæðan er leigutaki. Það er með fáeina lóðaleigusamninga sem eru færðir í samræmi við staðal um leigusamninga. Fjárhæðir vegna þessara leigusamninga, kaupleiga og rekstrarleiga, eru óverulegar hjá félaginu.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2020 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2020 og 2019. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2020	2019
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	25.486	27.744
Handbært fé	17.531	10.085
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	43.017	37.829

b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Staða 31. desember 2020

	Sjóðstreymi		Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
	Bókfært verð	skv. samningum				
Lántökur	90.633	116.903	21.308	9.382	23.081	63.132
Viðskiptaskuldir	22.028	22.027	22.027	0	0	0
	112.661	138.930	43.335	9.382	23.081	63.132

c) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Skýringar

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna eigna, skulda og viðskipta í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru danskar krónur (DKK), evrur (EUR), norsk króna (NOK), bandarískur dollari (USD), sterlingspund (GBP) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK, GBP, NOK og USD.

Samstæðan metur það sem svo að til að hafa áhrif á afkomu samstæðunnar þyrfti verulegar gengissveiflur. Rekstur Hampiðjunnar á Íslandi, bæði tekjur og gjöld, eru að einhverju leyti í íslenskum krónum, en gengisáhrif jafnast að verulegu leyti út. Hjá Hampiðjunni hf. eru það fjárfestingar í dótturfélögum sem skapa gengisáhættu, gengismunur af þeim er færður undir eigið fé, sjá eiginfjárfirlið.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig á árinu 2020 hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um 906 þúsund evrur. Árið 2019 hefði lækkunin orðið 818 þúsund evrur. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð.

Félagið getur breytt arðgreiðslustefnu, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall (fjárhæðir í þúsundum evra):

	2020	2019
Lántökur, langtíma	72.830	66.006
Lántökur, skammtíma	17.803	15.798
Frádregið: Handbært fé	(17.531)	(10.085)
Skuldir nettó	73.102	71.719
Eigið fé	128.935	119.367
Fjármögnun samtals	202.037	191.086
Eiginfjárlutfall	52,3%	52,3%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Farið er yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem tengjast reikningshaldslegu mati má meðal annars finna í skýringu 12 um virðisrýrnunarþröf vegna viðskiptavildar samstæðunnar. Aðrir helstu matskenndir liðir reikningsskilanna er mat á líftíma eigna, sjá skýringu 2.5, mat á niðurfærslu viðskiptakrafna, sjá skýringu 3 og 16, og mat á niðurfærslu birgða, sjá skýringu 15.

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fimm starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- Starfspáttur 1.** Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampidjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi. Starfsemi Otter er eignarhald á einkaleyfum.
- Starfspáttur 2.** Starfsemi veiðarfærafélagana í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd í Skotlandi.
- Starfspáttur 3.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl og Strandby Net.
- Starfspáttur 4.** Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampidjan Australia, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampiðjan TorNet og Hampiðjan Offshore.
- Starfspáttur 5.** Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada og Vónin Ísland.

2020	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	43.207	19.194	18.951	51.931	68.583	(40.031)	161.835
Beinn framl.kostn	(36.640)	(13.641)	(14.166)	(40.220)	(48.609)	39.292	(113.984)
	6.567	5.553	4.785	11.711	19.974		47.851
Rekstrarkostnaður	(5.376)	(3.004)	(2.119)	(7.013)	(9.629)	740	(26.401)
Rekstrarhagnaður	1.191	2.549	2.666	4.698	10.345		21.450
Sem hlutfall af rekstrartekjum	3%	13%	14%	9%	15%		13%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(1.614)	(67)	(142)	(295)	(465)		(2.583)
Hlutdeildarafkoma	38	0	0	0	39		77
Tekjuskattur	(75)	(396)	(521)	(632)	(2.198)		(3.822)
Hagnaður ársins	(460)	2.086	2.003	3.771	7.721		15.122
Afskriftir fastafjármuna	1.454	526	608	1.303	2.154		6.045
Kaup/sala fastafjármuna	(2.760)	(202)	(135)	(977)	(4.086)		(8.160)
EBITDA	2.649	3.074	3.274	6.000	12.498		27.495

2019	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	47.363	15.901	16.184	53.421	68.690	(39.733)	161.826
Beinn framl.kostn	(38.378)	(11.986)	(12.633)	(42.653)	(48.383)	39.733	(114.300)
	8.985	3.915	3.551	10.768	20.307		47.526
Rekstrarkostnaður	(6.563)	(2.850)	(2.244)	(6.937)	(10.219)		(28.813)
Rekstrarhagnaður	2.422	1.065	1.307	3.831	10.088		18.713
Sem hlutfall af rekstrartekjum	5%	7%	8%	7%	15%		12%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(900)	(14)	(150)	(884)	(495)		(2.443)
Hlutdeildarafkoma	53	0	0	0	92		145
Tekjuskattur	(295)	(117)	(231)	(387)	(1.996)		(3.026)
Hagnaður ársins	1.280	934	926	2.560	7.689		13.389
Afskriftir fastafjármuna	1.128	437	586	1.206	1.962		5.319
Kaup/s. fastafjármuna	(2.224)	(367)	(855)	(4.471)	(3.989)		(11.906)
EBITDA	3.552	1.502	1.893	5.035	12.050		24.032

2020	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Milli- viðskipti	Samtals
Fastafjármunir	50.401	15.041	10.094	18.386	61.867	(15.815)	139.974
Veltufjármunir	26.466	14.318	9.007	35.308	38.023	(16.475)	106.647
Langtímaskuldir	63.725	839	3.809	14.014	11.283	(15.815)	77.855
Skammtímaskuldir	13.093	2.451	5.005	17.156	18.601	(16.475)	39.831
2019							
Fastafjármunir	49.542	10.262	10.380	17.649	60.492	(16.384)	131.941
Veltufjármunir	26.180	10.292	7.920	33.706	32.612	(14.242)	96.468
Langtímaskuldir	54.166	1.198	4.760	13.812	13.021	(16.384)	70.573
Skammtímaskuldir	14.347	1.955	4.918	16.006	15.485	(14.242)	38.469

Skýringar

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2020	2019
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	38.198	36.903
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	4.501	4.655
	<u>42.699</u>	<u>41.558</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	1.159	1.126

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi

	2020	2019
Framleiðslukostnaður	29.638	28.196
Annar rekstrarkostnaður	13.061	13.362
	<u>42.699</u>	<u>41.558</u>

7. Rekstrarkostnaður

	2020	2019
Keyptar vörur og þjónusta	11.291	13.677
Laun og launatengd gjöld	13.061	13.362
Afskrifaðar viðskiptakröfur	51	67
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.998	1.707
	<u>26.401</u>	<u>28.813</u>

Þóknun endurskoðenda fyrir endurskoðun ársreikninga var 240 þús. evrur (2019: 249 þús. evrur) og þóknun fyrir könnun árshlutareikninga og aðra þjónustu var 216 þús. evrur (2019: 156 þús. evrur).

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2020	2019
Vaxtatekjur	618	758
Vaxtagjöld	(3.298)	(3.484)
Gengismunur	38	266
Fenginn arður	59	17
	<u>(2.583)</u>	<u>(2.443)</u>

9. Tekjuskattur

	2020	2019
Tekjuskattur til greiðslu	3.488	2.529
Frestaður tekjuskattur (Skýring 19)	334	497
	<u>3.822</u>	<u>3.026</u>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður fyrir skatta, skv. rekstrarreikningi	<u>18.944</u>	<u>16.415</u>
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	3.651	3.450
Óskattskyldar tekjur, söluhagnaður fjárfestingareigna og hagnaður hlutdeildarféлага	(27)	(32)
Varanlegir mismunir	198	(392)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>3.822</u>	<u>3.026</u>

Skýringar

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2020	2019
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	15.122	13.389
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	489.563	489.563
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>3,09</u>	<u>2,73</u>

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 10,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á árinu.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2019			
Kostnaðarverð	67.738	40.766	108.504
Uppsafnaðar afskriftir	(13.993)	(20.583)	(34.576)
Bókfært verð	<u>53.745</u>	<u>20.183</u>	<u>73.928</u>
Hreyfingar árið 2019			
Bókfært verð í byrjun árs 2019	53.745	20.183	73.928
IFRS 16	7.171	69	7.240
Gengismunir	(46)	39	(7)
Viðbætur	6.703	5.538	12.241
Selt og aflagt	(229)	(132)	(361)
Afskriftir	(2.403)	(2.664)	(5.067)
Bókfært verð í lok árs 2019	<u>64.941</u>	<u>23.033</u>	<u>87.974</u>
Staða 1. janúar 2020			
Kostnaðarverð	81.238	45.202	126.440
Uppsafnaðar afskriftir	(16.297)	(22.169)	(38.466)
Bókfært verð	<u>64.941</u>	<u>23.033</u>	<u>87.974</u>
Hreyfingar árið 2020			
Bókfært verð í byrjun árs 2020	64.941	23.033	87.974
IFRS 16	10	11	21
Gengismunir	(493)	(704)	(1.197)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	1.109	215	1.324
Viðbætur	5.616	4.882	10.498
Selt og aflagt	(283)	(122)	(405)
Afskriftir	(2.509)	(3.270)	(5.779)
Bókfært verð í lok árs 2020	<u>68.391</u>	<u>24.045</u>	<u>92.436</u>
Staða 31. desember 2020			
Kostnaðarverð	86.949	49.494	136.443
Uppsafnaðar afskriftir	(18.558)	(25.449)	(44.007)
Bókfært verð í lok árs 2020	<u>68.391</u>	<u>24.045</u>	<u>92.436</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2020	2019
Framleiðslukostnaður	3.931	3.498
Annar rekstrarkostnaður	1.848	1.569
	<u>5.779</u>	<u>5.067</u>

Skýringar

12. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Staða 1. janúar 2019				
Kostnaðarverð	41.444	2.782	1.493	45.719
Uppsafnaðar afskriftir	(350)	(2.459)	(692)	(3.501)
Bókfært verð	<u>41.094</u>	<u>323</u>	<u>801</u>	<u>42.218</u>
Hreyfingar árið 2019				
Bókfært verð í byrjun árs 2019	41.094	323	801	42.218
Gengismunir	53	0	0	53
Viðbætur	37	0	234	271
Afskriftir	0	(134)	(118)	(252)
Bókfært verð í lok árs 2019	<u>41.184</u>	<u>189</u>	<u>917</u>	<u>42.290</u>
Staða 1. janúar 2020				
Kostnaðarverð	41.532	2.782	1.625	45.939
Uppsafnaðar afskriftir	(348)	(2.593)	(708)	(3.649)
Bókfært verð	<u>41.184</u>	<u>189</u>	<u>917</u>	<u>42.290</u>
Hreyfingar árið 2020				
Bókfært verð í byrjun árs 2020	41.184	189	917	42.290
Gengismunir	(48)	0	0	(48)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.651	0	0	3.651
Viðbætur	0	0	248	248
Afskriftir	0	(95)	(171)	(266)
Bókfært verð í lok árs 2020	<u>44.787</u>	<u>94</u>	<u>994</u>	<u>45.875</u>
Staða 31. desember 2020				
Kostnaðarverð	45.137	2.782	1.718	49.637
Uppsafnaðar afskriftir	(350)	(2.688)	(724)	(3.762)
Bókfært verð í lok árs 2020	<u>44.787</u>	<u>94</u>	<u>994</u>	<u>45.875</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2020	2019
Framleiðslukostnaður	116	114
Annar rekstrarkostnaður	150	138
	<u>266</u>	<u>252</u>

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýrnun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvexti á fjárflæði í eilífðarvexti. Gerð er 8 - 10% vegin nafnverðskrafa á fjárflæði. Um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Afvöxtunarstuðlarnir endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnartaps á árunum 2020 og 2019.

Skýringar

13. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum

Hampiðjan á 45% hlut í hlutdeildarfélaginu Sp/f Sílnet í Færeyjum. Jafnframt á dótturfélagið P/F Von 44% eignarhlut í P/F Trolverkstaðið Bergið.

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
Sp/f Sílnet	45,00%	38	779
P/F Trolverkstaðið Bergið	44,40%	39	360
		<u>77</u>	<u>1.139</u>

14. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir greinast þannig:

	2020	2019
Síldarvinnslan hf	175	175
Önnur félög	211	298
	<u>386</u>	<u>473</u>

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2020	2019
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	59.165	54.578
Vörur í vinnslu	2.358	1.381
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	2.107	2.680
	<u>63.630</u>	<u>58.639</u>

Birgðir eru færðar niður vegna aldurs um 1,3 milljón evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar. Árið áður voru birgðir færðar niður um 1,2 milljón evrur.

16. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	2020	2019
Viðskiptakröfur	22.361	25.090
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(747)	(736)
Viðskiptakröfur nettó í lok árs	21.614	24.354
Skuldabréf og aðrar kröfur	3.981	3.390
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok árs	25.595	27.744
Þar af langtímakröfur	(109)	0
	<u>25.486</u>	<u>27.744</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 747 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2020	2019
Niðurfærsla í byrjun árs	736	787
Niðurfærsla viðskiptakrafna frá keyptu dótturfélagi	3	0
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(43)	(118)
Breyting niðurfærslu á árinu	51	67
	<u>747</u>	<u>736</u>

17. Handbært fé

	2020	2019
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	17.531	10.085
	<u>17.531</u>	<u>10.085</u>

Skýringar

18. Lántökur

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	2020 Hlutfall	2020 Staða	2019 Hlutfall	2019 Staða
ISK	0,1%	91	4,8%	3.407
EUR	80,0%	64.116	72,2%	51.643
USD	1,8%	1.420	2,7%	1.962
AUS	1,7%	1.375	0,1%	78
NZD	1,0%	769	0,4%	272
DKK	10,1%	8.075	11,0%	7.893
NOK	5,4%	4.294	8,7%	6.238
	<u>100%</u>	<u>80.140</u>	<u>100%</u>	<u>71.493</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	7.310
Árið 2022	6.984
Árið 2023	7.280
Árið 2024	4.996
Síðar	53.570
	<u>80.140</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir:

Vaxtaberandi langtímaskuldir	72.817
Leiguskuldbinding, IFRS 16	7.323
Næsta árs afborganir	(7.310)
	<u>72.830</u>

Skammtímaskuldir:

Næsta árs afborganir langtímaskulda	7.310
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	10.493
	<u>17.803</u>

19. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2020	2019
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	4.479	4.166
Frestuð tekjuskattsinnæign v. innleiðingar IFRS 16	198	(28)
Tekjuskattur á árinu	3.822	3.026
Tekjuskattur til greiðslu	(3.488)	(2.529)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(15)	(156)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>4.996</u>	<u>4.479</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2020	2019
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.455	4.941
Aðrir efnahagsliðir	206	42
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(636)	(416)
	<u>5.025</u>	<u>4.567</u>

Frestuð tekjuskattsinnæign greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2020	2019
Ýmsir efnahagsliðir	(110)	(4)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	139	92
	<u>29</u>	<u>88</u>
	<u>4.996</u>	<u>4.479</u>

Samstæðan á yfirfæranlegt skattalegt tap sem nýttist á móti skattalegum hagnaði hennar. Yfirfæranlega skattalega tapið er 775 þúsund evrur, sem skiptist þannig: 153 þúsund evrur nýttast til ársins 2027, 172 þúsund evrur nýttast til ársins 2028, 122 þúsund evrur nýttast til ársins 2029 og 328 þúsund evrur nýttast til ársins 2030.

Skýringar

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptaskuldir	17.699	19.125
Aðrar skammtímaskuldir	4.329	3.546
	<u>22.028</u>	<u>22.671</u>

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, hluthafar með veruleg áhrif, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðu félaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings

Viðskipti við tengda aðila:

Viðskipti samstæðunnar við hluthafa og aðra tengda aðila voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórnendur:

Laun og hlunnindi til 20 stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félag í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Forstjóri, greidd föst laun og hlunnindi.....	272	
Tuttugu framkvæmdastjórnar: Greidd föst laun og hlunnindi.....	2.437	200
Greiddir árangurstengdir bónusar til stjórnenda.....	691	
Samtals	<u>3.400</u>	
Greidd stjórnarlaun og hlutafjareign stjórnarmanna Hampiðjunnar hf.....	112	246.378

*Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutir fjárhagslega tengdra aðila. Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR.

22. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 53 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 111 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti framleiðsluvéla og -tækja, hug- og skrifstofubúnaðar og vörubirgða nemur 139 milljónum evra.

23. Ársheimingayfirlit*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársheiminga:

	júlí - des. 2020	jan.-jún. 2020	júlí - des. 2019	jan.-jún. 2019	júlí - des. 2018	jan.-jún. 2018
Rekstrartekjur	81.184	80.651	76.515	85.311	75.632	77.305
Rekstrargjöld án afskrifta	<u>(67.711)</u>	<u>(66.629)</u>	<u>(64.421)</u>	<u>(73.373)</u>	<u>(65.106)</u>	<u>(67.329)</u>
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	13.473	14.022	12.094	11.938	10.526	9.976
Afskriftir	<u>(2.892)</u>	<u>(3.153)</u>	<u>(2.604)</u>	<u>(2.715)</u>	<u>(2.002)</u>	<u>(2.033)</u>
Rekstrarhagnaður (EBIT)	10.581	10.869	9.490	9.223	8.524	7.943
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>(1.378)</u>	<u>(1.128)</u>	<u>(1.066)</u>	<u>(1.232)</u>	<u>(1.148)</u>	<u>(1.045)</u>
Hagnaður fyrir skatta	9.203	9.741	8.424	7.991	7.376	6.898
Tekjuskattur	<u>(2.027)</u>	<u>(1.795)</u>	<u>(1.400)</u>	<u>(1.626)</u>	<u>(1.459)</u>	<u>(1.258)</u>
Hagnaður ársheiminga	<u>7.176</u>	<u>7.946</u>	<u>7.024</u>	<u>6.365</u>	<u>5.917</u>	<u>5.640</u>

*Fjárhæðir í ársheimingayfirlitum eru óendurskoðaðar

Skýringar

24. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals
Staða 1. janúar 2019	1.384	(1.680)	(296)
Þýðingarmunur ársins		333	333
Staða 31. desember 2019	1.384	(1.347)	37
Staða 1. janúar 2020	1.384	(1.347)	37
Þýðingarmunur ársins		(938)	(938)
Staða 31. desember 2020	1.384	(2.285)	(901)

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

25. Kaup á Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd.

Í byrjun ársins keypti Hampiðjan hf. 80% eignarhlut í skosku félögunum Jackson Trawls Limited og Jackson Offshore Supply Limited. Jackson Trawl er leiðandi í sölu veiðarfæra á Bretlandseyjum og Jackson Offshore selur einkum kaðla, lyftistöffur og járnvöru til olíuiðnaðarins í Skotlandi. Með kaupnum styrkir Hampiðjan stöðu sína enn frekar við N-Atlantshaf sem er mikilvægasti markaður samstæðunnar. Einnig er félagið að tryggja stöðu sína gagnvart samningum um Brexit.

Eftirfarandi tafla sýnir kaupverð Hampiðjunnar hf. á rekstri félaganna og gangvirði þeirra eigna og skulda sem voru keyptar:

Kaupverð

80% eignarhlutur Hampiðjunar hf. greiddur með peningum og seljendaláni 9.760

	Jackson Offshore	Jackson Trawls	Gangvirði
Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði			
Varanlegir rekstrarfjármunir	294	1.030	1.324
Vörubirgðir	486	1.474	1.960
Viðskiptakröfur	252	1.112	1.364
Handbært fé	1.278	2.957	4.235
Skammtímaskuldir	(176)	(1.073)	(1.249)
		Nettó eignir keyptar	7.634
		Hlutdeild minnihluta	(1.525)
		Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda	3.651
		Eignir keyptar	9.760

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 1.1.2020. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaganna tveggja. Vegna viðskiptavild að fjárhæð 3,7 milljónir evra færð í samstæðunni. Hlutdeild minnihluta er færð í hlutfalli við virði keyptrar eigna.

Í samstæðureikninginn koma á árinu sölutekjur frá félögunum að fjárhæð 6,8 milljónir evra og hagnaður að fjárhæð 1,3 milljónir evra. Upplýsingar um efnahag og rekstur félaganna eru í skýringu nr. 5 um starfsþætti. Kostnaður sem féll til vegna kaupanna hefur verið gjaldfærður á árinu og er færður meðal rekstrarkostnaðar. Bókfært verð viðskiptakrafna félaganna, 1.364 þús. evrur, er jaft gangvirði þeirra.

Greiðslur vegna kaupa á Jackson Trawls og Jackson Offshore	6.338
Seljendalán sem gert var upp í apríl 2020	3.422
Handbært fé til staðar í fyrirtækjunum við kaup	(4.235)
Nettó greiðslur færðar meðal fjárfestingahreyfinga í sjóðstreymi	5.525

Skýringar

26. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Veiðarfæraefnisfrl.	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veiðarfæragerð	80%	20%
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	75%	25%
OTTER Ultra Low Drag Ltd	Cayman Is	Eignarhaldsfélag	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Nordsötrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Costal Cages (Cliabhain Costa Teoranta), dótturf. SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Swan Net East Coast Services, dótturfélag SNG	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	64%	36%
SNG Aqua, dótturfélag SNG	Írland	Veiðarfæragerð	64%	36%
Hampiðjan Ísland ehf	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampiðjan Russia	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 12,7 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry ltd. 6,3 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Hampidjan Australia, Voot ehf, Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 5 um starfsþætti, starfsþáttur 2.

Viðauki - Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Um Hampiðjuna

Hampiðjan er hlutfélag sem stofnað var vorið 1934. Meginstarfsemi Hampiðju samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum ásamt vörum og þjónustu fyrir fiskeldisfyrirtæki.

Hampiðjan var meðal 5 fyrstu fyrirtækjanna sem fengu hlutabréf sín skráð hjá nýstofnuðum Hlutabréfamarkaði hf. í nóvember árið 1985. Félagið fór síðan á Verðbréfabing Íslands árið 1992 sem síðar varð Nasdaq OMX og á First North árið 2007.

Hampiðjan framleiðir efni, kaðla og net, fyrir veiðarfæri í verksmiðju sinni í Litháen og selur þau síðan til annarra fyrirtækja innan samstæðunnar. Þau selja síðan þær vörur ásamt öðrum vörum, keyptum af þriðja aðila, til fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, bæði sem fullbúin veiðarfæri og sem íhluti í veiðarfæri og kvíar fyrir fiskeldi. Einnig framleiðir Hampiðjan vörur fyrir olíuðnað, djúpsjávarverkefni og stroffur fyrir þungalyftur.

Umhverfismál

Stjórn og stjórnendur leggja mikla áherslu á umhverfismál í gegnum bæði daglegan rekstur sem og í rannsóknar- og þróunarvinnu. Stöðugt er unnið að því að hanna veiðarfæri og íhluti í veiðarfæri sem bæði eru léttari í tógi og minnka þannig eldsneytiseyðslu um borð í skipunum ásamt því að fara betur með botninn á veiðislóðum.

Hampiðjan leggur mikla áherslu á flokkun og endurvinnslu. Allur úrgangur er flokkaður og það sem hægt er að endurvinna er sent í endurvinnslu.

Hampiðjan vinnur með viðskiptavinum sínum að endurvinnslu á notuðum veiðarfærum meðal annars með því að hluta eldri veiðarfæri í sundur og skilja að þau efni sem hægt er að endurvinna og koma þeim í endurvinnslu en það sem ekki er hægt að endurvinna er urðað.

Hampiðjan Baltic, dótturfélag Hampiðjunnar í Litháen og meginframleiðslueining samstæðunnar, vinnur einnig ótullega að umhverfismálum og hefur hlotið ISO vottun frá Det Norske Veritas, ISO 14001, sem er alþjóðlegur staðall fyrir umhverfisstjórnunarkerfi. Staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfisþátta félagsins. Innan Hampiðjan Baltic er eigin endurvinnsla á plastefnum sem rýrna í framleiðsluferlinu ásamt því að samskonar efni sem falla til hjá fyrirtækum samstæðunnar eru flutt til fyrirtækisins til endurvinnslu.

Hampiðjan hf. hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Unnið er að innleiða stefnuna hjá öllum dótturfélögum samstæðunnar.

Hampiðjan er einn af aðal stuðningsaðilum Bláa Hersins sem eru umhverfisverndarsamtök sem leggja áherslu á baráttuna við plastmengun í hafinu með hreinsunarstöðrfum, hvatningu og vitundarvakningu.

Samfélagsleg ábyrgð

Hampiðjan er stolt af stuðningi sínum við hin ýmsu góðgerðar- og menningarmál. Þar má þar t.d. nefna að félagið er stór styrktaraðili við Sjómínjasafnið í tengslum við sýninguna Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár. Hampiðjan hefur einnig unnið með Bláa Hernum að hreinsun á hluta af strandlengju landsins.

Hampiðjan er aðili að Festu sem er miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og hverskyns skipulagsheilda.

Hampiðjan er einnig styrktaraðili ýmissa samfélagslegra verkefna á þeim svæðum sem félagið er með starfsemi.

Hampiðjan hefur ekki sett sér stefnu um veitingu styrkja til samfélagslegra mála en styrktarbeiðnir eru skoðaðar og til þeirra tekin afstaða þegar þær berast.

Starfsmannamál, mannauður og öryggismál

Hampiðjan leggur áherslu á að félagið hafi á að skipa hæfu og heiðarlegu starfsfólki og að starfsfólki sé gefin sem best starfsskilyrði til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið hverju sinni. Hampiðjan leggur áherslu á að skapa starfsfólki sínu jöfn tækifæri og að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs eða uppruna. Hampiðjan vill í störfum sínum stuðla að því að reynsla og hæfileikar starfsfólks komi félaginu, starfsmönnum og samfélaginu til ávinnings.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, þremur körlum og tveimur konum.

Viðauki - Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Starfsmannamál, mannauður og öryggismál frh.

Hampiðjan hefur hafið vinnu við jafnlaunavottun og stefnir á að klára það á árinu í samræmi við þau lög sem gilda um jafnlaunavottun. Þrátt fyrir að ekki sé búið að fá jafnlaunavottun þá er vel hugað að þeim málefnum hjá félaginu og telja stjórnendur sig uppfylla þá stefnu að báðum kynjum séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf.

Hampidjan Baltic, sem er aðalframleiðslufyrirtæki samstæðunnar og með flesta starfsmenn dótturfyrirtækjanna er með Det Norske Veritas vottað stjórnkerfi fyrir heilsu og öryggi samkvæmt staðlinum OHSAS ISO 18001.

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútumál

Hampiðjan virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Hampiðjan leggur áherslu á að undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar sína starfsmenn.

Hampiðjan leggur áherslu á heiðarleg vinnubrögð og að unnið sé gegn hvers kyns spillingu.

Félagið er að ljúka vinnu við að setja upp skrifleg viðmið um þessi málefni. Stefnt er að ljúka þeirri vinnu að mestu leyti á vormánuðum 2021 og í framhaldinu að innleiða þau viðmið sem stjórn félagsins hefur samþykkt hjá öllum félögum innan samstæðunnar í takt við lög og reglur í þeim löndum sem félögin starfa í.